

Þriðjudaginn 19. mars 1991.

Nr. 93/1988. **Kjartan Ásmundsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Útgerðarfélagi Akureyringa hf. og

Samvinnutryggingum gt.

(Hákon Árnason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabætur. Örorka. Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1988. Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir, að kröfur séu eingöngu hafðar uppi á hendur stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefnda Útgerðarfélag Akureyringa hf. verði dæmt til að greiða 2.398.210 krónur með árs-vöxtum eins og hér segir: 42% frá 30. maí 1983 til 21. september s.á., 35% frá þeim degi til 21. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 11. október s.á., 15,5% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., 16,25% frá þeim degi til 11. desember s.á., 18,25% frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 19,5% frá þeim degi til 30. maí s.á. og með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. mgr. 10. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga, fyrst 30. maí 1988. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi varð fyrir vinnuslysi um borð í bv. Sléttbaki, eign stefnda Útgerðarfélags Akureyringa hf., 18. desember 1978.

Stefndu Samvinnutryggingar gt. höfðu selt útgerðarfélaginu samningsbundna slysatryggingu og ábyrgðartryggingu, sem nam 5.000.000 gkr. fyrir hvert tjón. Viðurkenndi útgerðarfélagið fébóta-ábyrgð sína á tjóni áfrýjanda með bréfi 22. júní 1979.

Í upphafi mat Jónas Hallgrímsson örorku áfrýjanda af völdum slyssins 14. desember 1979, og var varanleg örorka metin 15%. Á grundvelli þess mats var reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda og stefndu Samvinnutryggingar gt. krafðar um greiðslu bóta samkvæmt slysatryggingu sjómanna.

Björn Önundarson læknir mat örorku áfrýjanda 15. janúar 1980, og var varanleg örorka nú metin 20%. Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Þórir Bergsson, cand. act., áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda 11. febrúar 1980. Var þar reiknað með fjórum vaxtaforsendum, 5%, 7%, 9% og 13%.

Áfrýjandi krafði stefndu Samvinnutryggingar gt. 13. febrúar 1980 um greiðslu bóta miðað við þann hluta örorkutjónsútreikningsins, sem byggður var á 5% vöxtum. Nam krafa um bætur fyrir örorkutjón 10.900.000 gkr., þegar tekið hafði verið tillit til skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu, sem áfrýjandi mat 15%, verðmætis dagpeninga og eingreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins og verðmætis greiðslu úr slysatryggingu sjómanna. Þá var krafist miskabóta, að fjárhæð 5.000.000 gkr., auk kostnaðar við læknisvottorð og örorkumat, 306.552 gkr. Nam heildarkrafan 16.106.552 gkr. auk vaxta og innheimtukostnaðar.

Í svari stefndu Samvinnutrygginga gt. 5. mars 1980 kom fram, að félagið væri reiðubúið til að greiða bætur, sem byggðust á þeim hluta örorkutjónsútreikningsins, er miðaðist við 13% vexti, þ.e. 9.141.000, þ.e. gkr., en til frádráttar kæmu 30% vegna hagræðis af skatthlunnindum og eingreiðslu svo og laun, sem útgerðarfélagið hefði greitt, verðmæti dagpeninga og eingreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins auk verðmætis greiðslu úr slysatryggingu sjómanna. Þá taldi félagið miskabætur hæfilega ákveðnar 500.000 gkr., og nam greiðsluboð félagsins 2.322.456 gkr. auk vaxta, innheimtulauna og útlagðs kostnaðar án skilyrða af hálfu félagsins.

Af hálfu áfrýjanda var greiðsluboðinu mótmælt og einstakir þættir þess gagnrýndir. Taldi hann, að beita ætti 5% vaxtafæti við útreikning tapaðra vinnutekna áfrýjanda, 30% frádráttur vegna

skattfrelsis og eingreiðslu bóta væri of hár, auk þess sem miskabætur væru of lágar í boði félagsins.

Lögmaður áfrýjanda tók 17. mars 1980 „með fyrirvara um frekari bætur“ við greiðslu upp í örorkubætur og miskabætur til handa áfrýjanda ásamt vöxtum, kostnaði og innheimtulaunum, samtals 3.093.657 gkr.

Dr. med. Stefán Haraldsson, yfirlæknir á bæklunarskurðeild Landspítalans, skoðaði áfrýjanda, svo sem fram kemur í vottorði læknisins 13. maí 1982.

Áfrýjandi taldi vottorð þetta staðfesta versnandi ástand sitt vegna meiðslanna, sem hann varð fyrir við slysið. Mat Björn Öundurson læknir örorku hans að nýju 20. september 1982 og komst að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka af völdum slyssins væri nú 30%. Áfrýjandi krafði stefndu Samvinnutryggingar gt. um bætur á grundvelli örorkutjónsútreiknings Þóris Bergssonar, cand. act., 18. janúar 1983, sem byggður var á örorkumati þessu. Gjaldmiðilsbreyting varð 1. janúar 1981. Krafa áfrýjanda um örorkubætur nam nú 325.446 krónum, er tekið var tillit til lækkunar vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu að mati áfrýjanda. Áfrýjandi dró einnig frá fjárhæðinni greiðslur dagpeninga og eingreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins, bætur úr slysatryggingu sjómanna og greiðslu upp í bætur frá stefndu Samvinnutryggingum gt., sem áður er getið, samtals 80.626 krónur. Þá var krafist miskabóta, að fjárhæð 100.000 krónur, og útlagðs kostnaðar, 3.750 krónur. Nam heildarkrafan því 348.570 krónum.

Stefndu Samvinnutryggingar gt. leituðu nú álits trúnaðarlæknis síns vegna þeirrar óvissu, sem hið breytilega örorkumat hafði í för með sér. Varð niðurstaða læknisins sú, að upphaflegt örorkumat væri raunhæft. Með vísan til þess hafnaði félagið 18. nóvember 1983 að taka málið upp að nýju.

Þórir Bergsson, cand. act., reiknaði 10. september 1984 á ný áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda af völdum slyssins á grundvelli örorkumats Björns Öundursonar frá 20. september 1982 og tók mið af niðurstöðu dóms Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 10. júlí 1984. Ekki kemur fram, að áfrýjandi hafi krafði stefndu um greiðslur á grundvelli þessa útreiknings.

Enn reiknaði Þórir Bergsson, cand. act., áætlað verðmæti tapaðra

vinnutekna áfrýjanda 27. janúar 1985. Stefndu Samvinnutryggingar gt. voru hinn 3. mars 1985 krafðar um bætur samkvæmt þeim útreikningi, samtals 981.475 krónur. Félagið hafnaði þeirri kröfu og taldi sig hafa bætt tjón áfrýjanda að fullu.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði nú áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda 11. maí 1987 og gerir svofellda grein fyrir forsendum og niðurstöðum útreikningsins: „Þegar um er að ræða hin eldri örorkumöt (sic) miða ég hér á eftir eingöngu við hið síðasta þeirra, þ.e. mat Björns Önundarsonar dags. 20. september 1982. Þá hefur væntanlega verið orðið ljósar en áður hverjar afleiðingar slyssins yrðu og því mest mark takandi á því mati.

Ég sný mér fyrst að því að reikna tjónið á grundvelli örorkumats Björns Önundarsonar frá 20. september 1982. Upplýsingar um örorkumötin (sic), vinnutekjur o.fl. tek ég úr skýrslum Þóris Bergs-sonar.

Kjartan Ásmundsson varð fyrir vinnuslysi 18. desember 1978 og slasaðist á hægri fæti. Hann er fæddur 23. maí 1949 og hefur því verið 29 ára á slysdegi.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Kjartans voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið eins og hér segir:

Árið 1976	gkr. 2.062.616
— 1977	2.679.643
— 1978	3.216.366

Tekjurnar munu vera fyrir sjómennsku. Þegar þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 782.200 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekju-
tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekju- tap
1. árið eftir slysið	54.900	30.400
2. — — —	90.500	27.200
3. — — —	135.600	40.700
4. — — —	212.800	63.800

5. — — —	322.400	96.700
6. — — —	399.400	119.800
7. — — —	534.400	160.300
8. — — —	702.100	210.600
9. — — —	779.700	233.900
Síðan árlega	782.200	234.660

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér		
nema á slysdegi: vegna tímabundinnar örorku	kr.	20.900
vegna varanlegrar örorku	kr.	1.291.800
Samtals	kr.	1.312.700

Í örorkumati Jóns K. Jóhannssonar, dags. 18. mars sl., segir: „Starfsgeta mikið skert og til fyrri starfa er hann ófær. ... Örorka 100%“. Þetta er óvenjulegt örorkumat og er ég ekki viss um hvornig beri að túlka það. En sé það túlkað sem mat á 100% örorku í venjulegum skilningi þá verður höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi kr. 4.326.900.-

Kjartan mun hafa fengið þessar greiðslur vegna tjónsins og er jafnframt sýnt reiknað höfuðstólsverðmæti hvernar greiðslu á slysdegi:

	<i>Upp- hæð Kr.</i>	<i>Höfuðstóls- verðmæti Kr.</i>
Slysalauna til 31/12 1978	1.742,44	1.700
Dagpeninga v/31/12 78-31/3 79	2.558,67	2.400
Eingreiðslu 22/1 1980	28.657,77	22.900
— 28/9 1982	39.620,00	18.300
Úr slys. sjómanna 25/7 1979	2.277,35	2.000
— — — 7/2 1980	21.936,35	17.300
Greiðsla upp í ábyrgðartj. 17/3 80	27.686,34	21.300
Samtals kr.	124.478,92	85.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 11. maí 1987 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (19% frá slysdegi til 31/5 79, 22%

frá 1/6 til 31/8 79, 27% frá 1/9 til 30/11 79, 31% frá 1/12 79 til 31/5 80, 35% 1/6 80 til 31/5 1981, 34% frá 1/6 1981 til 31/10 82, 42% frá 1/11 82 til 20/9 83, 35% frá 21/9 til 20/10 83, 32% frá 21/10 til 20/11 83, 27% frá 21/11 til 20/12 83, 21,5% frá 21/12 83 til 20/1 84, 15% frá 21/1 til 12/8 84, 17% frá 13/8 til 31/12 84, 24% frá 1/1 til 10/5 85, 22% frá 11/5 85 til 28/2 86, 12% frá 1/3 til 31/3 86, 9% frá 1/4 86 til 20/1 87, 10% frá 21/1 til 20/2 87 og 11% frá 21/2 1987). Eftir útreikning eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áráanna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

Áfrýjandi krafði stefndu Samvinnutryggingar gt. um greiðslu bóta 12. maí 1987, og er krafan sundurliðuð þannig:

„1. Örorlutjón samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 11. maí 1987,		kr. 1.312.700,00
— höfuðstólsverðmæti innborgana frá yður og vegna Tryggingastofnunar ríkisins á slysdagi samkvæmt sama útreikningi		— 85.900,00
— 20% vegna eingreiðsluhagræðis og skattfrelsis bóta		— 262.540,00
		Kr. 964.260,00

2. Útlagt fé:

Gr. Birni Önundarsyni	kr. 1.200,00
— Þóri Bergssyni	— 2.400,00
— Ljósrit skattfr.	— 150,00
— Þóri Bergss.	— 5.140,00
— sama	— 3.040,00
— Stefáni Haraldss.	— 10.000,00
— Jóni E Þorlákss.	— 8.000,00
	kr. 29.930,00

Miskabætur, bætur fyrir sárindi, lýti, óhagræði og röskun á stöðu og högum og allt óbeint tjón fyrir tjónþola

kr. 800.000,00

Samtals kr 1.794.190,00“

Samvinnutryggingar gt. höfðuðu kröfu áfrýjanda, sem þá höfðaði mál þetta með stefnu 30. maí 1987, og var málið þingfest 11. júní 1987.

II.

Hæstiréttur lagði mál þetta fyrir lækna ráð 17. október 1989 þannig:

„Í málinu liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. nóvember 1979 svo og mat Jónasar Hallgrímssonar lækni 14. desember 1979 á örorku áfrýjanda vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 18. desember 1978. Er varanleg örorka þar metin 15%. Einnig liggur fyrir mat Björns Önundarsonar lækni 15. janúar 1980 á örorku áfrýjanda. Er varanleg örorka þar metin 20%.

Þá liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. maí 1982 og örorkumat Björns Önundarsonar lækni 20. september 1982. Er varanleg örorka þar metin 30%.

Loks liggur fyrir álitserð Jóns Guðgeirssonar lækni frá 22. febrúar 1982.

— — —

Fellst lækna ráð á einhverja framangreindra matsgerða?

Ef ekki, hvernig ber þá að meta tímabundna og varanlega örorku áfrýjanda vegna slyss þess sem hann varð fyrir 18. desember 1978?“

Í tillögu réttarmáladeildar lækna ráðs 7. nóvember 1990, sem staðfest var sem ályktun lækna ráðs 21. s.m., er spurningum þessum svarað þannig:

„Þau örorkumöt (sic), sem fyrir liggja í þessu máli, eru dags. 14. desember 1979, 15. janúar 1980 og 20. september 1982.

Þegar örorka er metin felst í því forspá um væntanlega þróun sjúkdómseinkenna sjúklings og áhrif þeirra á heilsufar hans í heild. Mismunandi niðurstaða þeirra vottorða sem fyrir liggja í máli þessu byggjast (sic) fyrst og fremst á mismunandi áliti viðkomandi lækna á væntanlegri þróun sjúkdómseinkenna sjúklingsins og afleiðingum þess fyrir hann.

Við skoðun nú kom í ljós að Kjartan stingur við hægra megin og má segja að hann gangi haltur á sléttu gólfi. Hann getur hvorki staðið á hæl eða (sic) tám hægra megin. Dreifður þroti er um hægri

ökkla og eymsli við þrýsting víða á svæðinu, einkum framan til og innanvert. Ör eru um ökkla og húðskyn brenglað í þeim og næsta nágrenni þeirra. Hreyfing er verulega skert í hægri ökkla. Virk (aktiv) hjararhreyfing er nánast engin, hvorki við ristarbeygingu (dorsal flexio) né iljarbeygingu (plantar flexio). Óvirk (passiv) hjararhreyfing nemur í báðum skurðum (plönun) um þriðjungi af sams konar hreyfingu vinstra megin. Virk hverfihreyfing er óveruleg, bæði ranghverfing (pronatio) og rétthverfing (supinatio). Óvirk hverfihreyfing nemur í báðum skurðum um helmingi sams konar hreyfingar vinstra megin. Hægri kálfi er um 1 sm grennri þar sem hann er gildastur en samsvarandi staður vinstra megin. Vöðvaátak við mótstöðu í ökklahreyfingum er áberandi lakara vinstra megin en hægri megin, en þó engar lamanir (sic).

Þessar forsendur leiða til þess að ástand hægri ökkla veldur nú þegar umtalsverðri skerðingu á hreyfi- og umferðarfærni og má búast við að hún aukist. Staurliðsaðgerð mundi að líkindum draga talsvert úr verkjum og sársauka í hægri ökkla en lítt eða ekkert auka hreyfi- og umferðarfærni þar eð hún mun ná bæði til hjarar- og hverfiliðamóta ökkla. Hafa verður í huga að aukið álag á vinstri ganglim, til komið af ástandi hægri ökkla, mun valda sliti burðarflata hraðar en hjá þeim sem á ungum aldri hafa heila báða fætur.

Með hliðsjón af framansögðu er svar lækna ráðs við fyrirbyggjandi spurningum:

Ad. 1. Nei.

Ad. 2. Frá slysdegi talið 18.12.1978 - 31.03.1979	100%
Síðan í 3 mánuði	50%
Varanleg örorka	25%.

III.

Meðal nýrra gagna, sem áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt, er örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar trygginga-stærðfræðings 1. desember 1990, svohljóðandi:

„Kjartan Ásmundsson varð fyrir vinnuslysi 18/12 1978 og slasaðist á fæti. Hann er fæddur 23/5 1949 og hefur því verið 29 ára á slysdegi.

Örorka vegna slyssins var metin af lækna ráði skv. ályktun 21/11 1990 þannig:

18/12 1978-31/3 1979	100%
Síðan í 3 mánuði	50%
Varanleg örorka	25%

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Kjartans voru vinnu-tekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið eins og hér segir, og eru jafn-framt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga.

	<i>Tekjur Umreiknaðar</i> <i>gkr. tekjur, nýkr.</i>	
Árið 1976	2.062.616	1.490.500
— 1977	2.679.643	1.639.200
— 1978	3.216.366	1.270.500
Meðaltal		1.466.700

Tekjurnar munu vera fyrir sjómennsku. Ég miða við framan-greint meðaltal í 20 ár frá slysdegi. Eftir það geng ég út frá meðal-tekjum iðnaðarmanna, sem nú teljast vera kr. 1.438.900 á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekju-tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	<i>Áætlaðar</i> <i>tekjur</i>	<i>Tekjutap</i>
Árið 1978 frá slysdegi	1.500	1.500
— 1979	52.700	24.300
— 1980	81.000	20.300
— 1981	129.000	32.300
— 1982	200.900	50.200
— 1983	304.900	76.200
— 1984	381.600	95.400
— 1985	519.200	129.800
— 1986	701.200	175.300
— 1987	973.800	243.500
— 1988	1.155.800	289.000
— 1989	1.315.500	328.900

Árið 1990	1.464.900	366.200
Síðan árlega til 1998	1.466.700	366.700
Eftir það árlega	1.438.900	359.700

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	17.500
Vegna varanlegrar örorku	kr.	1.863.800
Samtals	kr.	1.881.300

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku. Það verður í þessu tilfelli kr. 111.800.

Kjartan mun hafa fengið eftirfarandi greiðslur vegna tjónsins og er jafnframt sýnt reiknað höfuðstólsverðmæti hverrar þeirra á slysdegi.

	<i>Upphæð</i>	<i>Höfuðstóls- verðmæti</i>
	<i>Kr.</i>	<i>Kr.</i>
Slysalauna til 31/12 1978	1.742,44	1.700
Dagpeninga v/ 31/12 78 til 31/3 79	2.558,67	2.400
Eingreiðslu 22/1 1980	28.657,77	22.900
— 28/9 1982	39.620,00	18.300
Úr slysat. sjómanna 25/7 1979	2.277,35	2.000
— — — 7/2 1980	21.936,35	17.300
Gr. upp í ábyrgðartj. 17/3 1980	27.686,34	21.300
Samtals kr.	124.478,92	85.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 1/12 1990 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (19% frá slysdegi, 22% frá 1/6 79, 27% frá 1/9 79, 31% frá 1/12 79, 36% frá 1/6 80, 34% frá 1/6 81, 42% frá 1/11 82, 35% frá 21/9 83, 32% frá 21/10 83, 27% frá 21/11 83, 21,5% frá 21/12 83, 15% frá 21/1 84, 17% frá 11/8 84, 24% frá 1/1 85, 22% frá 11/5 85, 12% frá 1/3 86, 9% frá 1/4 86, 10% frá 21/1 87, 11% frá 21/2 87, 12% frá 1/5 87, 13% frá 21/6 87, 15% frá 11/7 87, 17% frá 21/9 87, 19% frá 11/10 87, 20% frá

1/11 87, 22% frá 21/11 87, 23% frá 11/2 88, 22% frá 21/2 88, 19% frá 1/3 88, 23% frá 11/6 88, 24% frá 21/6 88, 26% frá 1/8 88, 22% frá 21/8 88, 12% frá 1/9 88, 9% frá 11/10 88, 6% frá 21/10 88, 4% frá 1/12 88, 6% frá 21/1 89, 8% frá 1/2 89, 10% frá 1/3 89, 13% frá 21/3 89, 15% frá 11/4 89, 17% frá 11/6 1989, 12% frá 21/7 89, 10% frá 1/8 89, 6% frá 1/9 89, 8% frá 21/9 89, 9% frá 21/10 89, 11% frá 1/11 89, 9% frá 1/1 90, 7% frá 21/1 90, 5% frá 1/3 90 og 3% frá 1/4 1990). - Einfaldir vextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 261,43%. - Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

IV.

Áfrýjandi byggir endanlegar kröfur sínar fyrir Hæstarétti á úrskurði lækna ráðs um örorku sína og örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 1. desember 1990. Jafnframt vísar áfrýjandi til dóms Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 í málinu nr. 62/1981 kröfum sínum til stuðnings. Við móttöku á greiðslu frá Samvinnutryggingum gt. telur hann sig hafa gert fullkominn fyrirvara um heimtu frekari bóta.

Endanlegar dómkröfur sínar fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi þannig:

- | | |
|--|------------------------|
| „1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 1. 12. 1990. | kr. 1.881.300,00 |
| — frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagr. 20% | — 376.260,00 |
| — höfuðstólsverðmæti innborgana á slysdegi | — 85.900,00 |
| | <hr/> Kr. 1.419.140,00 |
| 2. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins skv. útreikningi Jóns Erlings, dags. 1. 12. 1990 | — 111.800,00 |
| 3. Útlagt fé: | |
| Greitt Birni Önundarsyni | kr. 1.200,00 |
| — Þóri Bergssyni | — 2.400,00 |

Greitt ljósrit framtala	kr.	150,00
— Þóri Bergssyni	—	5.140,00
— sama	—	3.040,00
— Stefáni Haraldssyni	—	10.000,00
— Jóni Erlingi Þorlákssyni	—	8.000,00
— sama	—	8.960,00
— sama	—	13.440,00
— sama	—	14.940,00
	Kr.	67.270,00

4. Miskabætur, bætur fyrir þjáningar, sárindi, lýti, óhagræði, röskun á stöðu og högum og allt óbeint tjón

— 800.000,00

Samtals Kr. 2.398.210,00“

Stefndu mótmæla því, að hækkun sú, sem gerð hefur verið á kröfum áfrýjanda frá því, sem var í héraðsdómi, fái komist að fyrir Hæstarétti.

Þá halda stefndu því fram, að áfrýjandi hafi fengið tjón sitt að fullu bætt með greiðslum þeim, sem inntar hafa verið af hendi, m.a. greiðslu stefndu Samvinnutrygginga gt. 17. mars 1980. Uppgjör hafi verið í samræmi við ríkjandi dómvenju um bætur sem þessar. Hafi fyrirvari, sem gerður var af hálfu áfrýjanda, eingöngu beinst að vaxtafæti, sem notaður var við örorkutjónsútreikning þahn, sem félagið byggði greiðslu sína á, en ekki því, að örorka áfrýjanda kynni að vera meiri en talið var. Geti dómur Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 því ekki haft nein áhrif í þessu efni.

Stefndu hafa lagt fyrir Hæstarétt útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar 1. desember 1990, sem hann gerði að þeirra ósk, um fjárhagstjón áfrýjanda af völdum slyssins miðað við 5% varanlega örorku. Var niðurstaða hans sú, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps næmi á slysdegi 373.800 krónum og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 22.400 krónum.

Gegn mótmælum stefndu þykja ekki skilyrði til þess, að hækkun sú, sem felst í endanlegri kröfugerð áfrýjanda, fái komist að fyrir Hæstarétti. Verður dómur því lagður á málið innan þeirra marka, sem fjárhæð kröfugerðar áfrýjanda í héraði setur.

Í dómi Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 í málinu nr. 62/1981 var

fjallað um kröfu um skaðabætur vegna slyss, sem varð 8. maí 1978, og var málið höfðað í héraði 13. mars 1980. Var þar meðal annars deilt um það, hvaða vaxtafæti ætti að beita við útreikning bóta fyrir örorkutjón. Í atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar segir: „Að því er varðar skaðabætur til gagnáfrýjanda vegna örorkutjóns hennar þykir rétt, þegar tjón hennar er reiknað til höfuðstólsfjárhæðar á slysdegi, og með sérstöku tilliti til dráttarvaxtakröfu hennar, að hafa til hliðsjónar nafnvexti, eins og þeir hafa verið hverju sinni að því er tekur til þess tíma, sem liðinn er frá slysinu. Mjög mikilli óvissu er bundið, við hvaða vaxtafót sé rétt að miða, að því er varðar ókominn tíma, enda þykir hvorki unnt að leggja alfarið (sic) til grundvallar nafnvexti né raunvexti, eins og ætla má, að þeir séu nú. Þegar litið er til allra atvika, sem hér skipta máli, þykir eðlilegt að miða í þessum efnum við 6% vaxtafót. Er þess þó að geta, að ákvörðun tjóns vegna varanlegrar örorku er háð svo mörgum vafaatriðum, að nákvæmum útreikningum verður þar ekki við komið, heldur verður tjónsfjárhæð að verulegu leyti háð mati, sem á margan hátt er óvísst.“

Með vísan til þessa og hins almenna fyrirvara áfrýjanda þykir mega fallast á það, að greiðsla sú, sem stefndu Samvinnutryggingar gt. inntu af hendi 17. mars 1980, hafi ekki verið fullnaðargreiðsla á bótum fyrir slys það, sem áfrýjandi, varð fyrir. Verða honum því dæmdar frekari bætur í máli þessu.

Fram er komið, að mat lækna á örorku áfrýjanda hefur verið mjög breytilegt. Með fyrrgreindum úrskurði hefur lækna ráð látið í ljós, hvernig meta beri örorkuna, og hún þá talin meiri en ráð var fyrir gert í kröfugerð áfrýjanda frá 13. febrúar 1980, en minni en byggt var á við höfðun máls þessa. Verður við úrlausn málsins byggt á niðurstöðu lækna ráðs um örorku áfrýjanda af völdum slyssins.

Þegar litið er til allra málavaxta, verða bætur fyrir fjártjón og miska dæmdar í einu lagi, og er þá tekið tillit til skattfrelsis bóta, greiðslna þeirra, sem áfrýjandi hefur fengið, og hæfilegra miska-bóta. Þykir óbætt heildartjón áfrýjanda hæfilega metið 900.000 krónur. Verður stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf. gert að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði segir. Tekið verður tillit til kostnaðar við gagnaöflun við ákvörðun málskostnaðar.

Eftir þessum úrslitum verður Útgerðarfélag Akureyringa dæmt til að greiða áfrýjanda 480.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður gagnvart stefndu Samvinnutryggingum gt. fellur niður.

D ó m s o r ð:

Stefnda Útgerðarfélag Akureyringa hf. greiði áfrýjanda, Kjartani Ásmundssyni, 900.000 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 42% frá 30. maí 1983 til 21. september s.á., 35% frá þeim degi til 21. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% frá þeim degi til 14. apríl s.á., frá þeim degi með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til 14. júní 1989, frá þeim degi með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, til uppsögudags dóms þessa, en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefnda Útgerðarfélag Akureyringa hf. greiði áfrýjanda 480.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður milli áfrýjanda og stefndu Samvinnutrygginga gt. fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur borgardóms Reykjavíkur 22. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 11. júní 1987, af Kjartani Ásmundssyni, nafnr. 5596-9345, Háaleitisbraut 37, Reykjavík, gegn Útgerðarfélagi Akureyringa

hf., nafnnr. 9032-6880, Akureyri, og Samvinnutryggingum gt., nafnnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.794.190 með 42% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá 30. maí 1983 til 20. september 1983, með 35% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,5% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. nóv. 1986, með 16,25% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. des. 1986, með 18,25% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. febr. 1987, með 19,5% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 30. maí 1987 og með hæstu innlánsvöxtum banka eins og hverju sinni reiknast af sparisjóðsinnstæðum (dómvöxtum) og vaxtavöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað að skaðlausu miðað við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þann veg, að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni um borð í Akureyrartogaranum Sléttbaki, en togarinn sé eign stefnda Útgerðarfélags Akureyringa hf. og ábyrgðartryggður hjá stefndu Samvinnutryggingum gt.

Stefnandi, sem var skipverji á Sléttbaki, EA 304, hafi orðið fyrir því þann 18. desember 1978, þegar fara átti að kasta, að steinn, u.þ.b. 200 kg að þyngd, losnaði og lenti á hægri fæti stefnanda með þeim afleiðingum, að hann hlaut opið brot við ökkla. Farið hafi verið með stefnanda til Ísafjarðar og honum komið undir læknishendur. Brotið hafi hafst illa við, og hafi stefnandi jafnan verið í lækni meðferð síðan.

Er stefnandi varð fyrir slysinu, hafi hann haft stýrimannsréttindi frá Sjó-

mannaskóla Vestmannaeyja, og hafi hann ætlað sér að stunda sjómennsku. Eftir slysið og eftir að brotið var gróíð, hafi stefnandi reynt að taka upp fyrri störf til sjós, en orðið að hætta því vegna þjáninga í fætinum.

Um ástand stefnanda segi svo í samantekt í sérfræðingsslysavottorði Stefáns Haraldssonar, dags. 30. mars 1987:

„Sjúkl. hefur vaxandi óþægindi frá hægri ökkalið með minnkandi gönguhæfni og minnkandi starfshæfni. Hann hefur einnig minnkaða hreyfingu og minnkaðan styrk í hægri ökkalið. Tilfinningatruflanir hefur hann í húðinni, þar sem húð hafði verið flutt. Líkur eru fyrir því að slitgigt sú, sem byrjuð er í hægri ökkla sjúklings, eigi eftir að versna, þegar fram líða tímar, og munu þá óþægindi hans versna.

Sjúkl. hefur orðið að skipta um atvinnu vegna ofanefndra óþæginda og hefur hrapað við það í tekjum. Hann er á biðlista bæklunarskurðeildar til staurliðsaðgerðar í hægri ökkalið.“

Stefndu Samvinnutryggingar gt. hafi með bréfi, dags. 22. júní 1979, viðurkennt, að um bótaskyldt tjón væri að ræða og að Útgerðarfélag Akureyringa hf. hefði gilda ábyrgðartryggingu hjá félaginu, að fjárhæð kr. 5.000.000 fyrir hvern skipverja. Með bréfi, dags. 5. mars 1980, hafi Samvinnutryggingar gt. sett fram tilboð um greiðslu á tjónbótum. Þessu greiðslutilboði hafi verið hafnað með bréfi, dags. 14. mars 1980, en tekið fram, að samþykkt væri að taka við framboðinni greiðslu sem uppgreiðslu með fyrirvara um frekari bætur. Hafi fyrirvarinn verið samþykktur af Braga Lárussyni með áritun hans á tjónkvittun á dskj. nr. 31, en greiddar voru þann 17.3. 1980 gkr. 3.093.657. Skv. bréfi Samvinnutrygginga gt., dags. 7. febrúar 1980, höfðu váttryggjendur greitt slysabætur úr slysatryggingu sjómanna miðað við 20% varanlega örorku, að fjárhæð gkr. 2.253.163, er dregnar höfðu verið frá dagpeningagreiðslum, gkr. 227.735.

Örorkumat liggi fyrir, hið fyrsta frá Jónasi Hallgrímssyni lækni, dags. 14. desember 1979, þar sem örorka stefnanda sé metin þannig: Frá slysinu í 6 mánuði 100%, síðan í 3 mánuði 50% og loks varanleg örorka 15%. Þá sé örorkumat frá Birni Önundarsyni lækni, dags. 15. janúar 1980, þar sem örorka stefnanda sé metin þannig: Frá slysdegi talið í 3½ mánuð 100%, eftir það í 3 mánuði 50% og varanlega 20%. Þá sé endurskoðað örorkumat frá Birni Önundarsyni lækni, dags. 20. september 1982. Þar sé örorka stefnanda metin þannig: Frá slysdegi talið 18.12. 1978 til 31.3. 1979 100%, eftir það í 3 mánuði 65% og varanlega 30%. Þá sé örorkumat Jóns K. Jóhannssonar tryggingalæknis vegna Lífeyrissjóðs sjómanna, endurmat 18. mars 1987. Niðurstaða þess mats sé sú, að starfsgeta sé mikið skert og að stefnandi sé ófær til fyrri starfa. Örorka 100%. Endurmat í maí 1989.

Á grundvelli framangreinds örorkumats hafi farið fram útreikningar tryggingafræðinga. Dómkröfur í máli þessu séu miðaðar við endurskoðað

örorkumat Björns Önundarsonar læknis, dags. 20. september 1982, eins og þær séu reiknaðar út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi 11. maí 1987 og frádráttarliðir í samræmi við endurútreikning Jóns Erlings, þ.e. reiknað höfuðstólsverðmæti hvernar innborgunar upp í tjónið á slysdegi, og sundurliðist kröfugerð sem hér segir:

1. Örorkutjón skv. endurútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 11. maí 1987			kr. 1.312.700
Höfuðstólsverðmæti innborgana á slysdegi skv. sama endurútreikningi, samtals			" 85.900
Frádráttur vegna skattfrelsis bóta og vegna endurgreiðsluhagræðis, reiknað 20%			" 262.540
			Kr. 964.260
2. Útlagt fé:	Gr. Birni Önundars.	kr. 1.200	
	" Þóri Bergssyni	" 2.400	
	" Ljósrit framtala	" 150	
	" Þóri Bergssyni	" 5.140	
	" sama	" 3.040	
	" Stefáni Haraldss.	" 10.000	
	" Jóni E. Þorlákss.	" 8.000	kr. 29.930
3. Miskabætur, bætur fyrir þjáningar, sárindi, lýti, óhagræði og röskun á stöðu og högum og allt óbeint tjón			" 800.000
Samtals			Kr. 1.794.190

Eftir að Samvinnutryggingar greiddu upp í tjónbætur stefnanda, liggi ljóst fyrir, að ágreiningur í máli þessu snúist eingöngu um bótafjárhæðir, en bótaskylda sé viðurkennd og undirstrikað af váttryggjanda, að félagið greiði bætur vegna ábyrgðarváttryggingar, allt að gkr. 5.000.000, og að félagið greiði auk þess endanlegar slysabætur úr slysaftryggingu sjómanna.

Komið hafi í ljós, er fram liðu stundir, að ekki hafði verið misráðið að halda opinni bótaleið fyrir stefnanda, sem áfram hafi verið í sérfræðingsmeðferð eftir slysið, eins og gögn málsins beri með sér. Þegar fyrir hafi legið um ástand sjúklings í maí 1982, hafi það orðið efni til þess, að Björn Önundarson læknir endurskoðaði fyrri örorkumat sitt og færði rök að því, að varanleg örorka ætti að hækka í 30%.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hafi reiknað út 18. janúar 1983 örorkutjón stefnanda, sem lagt hafi verið til grundvallar nýrri kröfugerð til Samvinnutrygginga gt. 24. janúar 1983. Þórir hafi síðan skilað nýrri

greinargerð og útreikningum 10. september 1984, en 10. júlí 1984 hafði gengið í Hæstarétti Íslands dómur um það, hvaða vexti skuli nota við afvöxtun framtíðartjóns.

Hinn 25. mars 1985 synji váttryggingafélagið frekari kröfum og telji sig hafa bætt tjón stefnanda að fullu.

Eins og áður greini, sé algerlega byggt á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 11. maí 1987. Undirstaða útreikninga Jóns Erlings sé endurskoðað örorkumat Björns Önundarsonar læknis, þ.e. 30% varanleg örorka.

Það liggi hins vegar ljóst fyrir, að raunverulegt tekju ap stefnanda af því að verða að hætta sjómennsku með þessum hætti sé í raun mun meira en 30%. Hann sé stýrimannslærður og því allir vegir færir til frama í sjómennsku á aflaskipum, er hann hafi orðið fyrir slysinu. Eftir slysið hafi hann orðið að sætta sig við lágt launuð störf af léttara taginu, eins og skattframtöl hans beri með sér. Þótt hann hafi tíma og tíma getað unnið í fiskvinnsluhúsum, hafi hann jafnan orðið að gefast upp þar vegna þjáninga í fætinum.

Miskabótakröfu sé stillt í hóf með tilliti til þeirra langvinnu þrauta og þjáninga, sem stefnandi hafi orðið að þola sem afleiðingu slyssins.

Samvinnutryggingum gt. sé stefnt til þess að þola dóm í máli þessu með stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf., þar sem það félag hafi viðurkennt bótaskyldu sína í málinu og hafi greitt upp í bótakröfurnar sem ábyrgðartryggjandi fyrir Útgerðarfélag Akureyringa hf.

Ljóst sé, að stefndu beri fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt siglingalögum nr. 66/1963, einkum 7. og 8. gr. svo og 2. mgr. 205. gr., eins og viðurkennt hafi verið af Samvinnutryggingum gt. Jafnframt sé vísað til almennu skaðabótareglunnar svo og til laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, einkum 91.-96. gr.

Sýknukröfu sína reisa Samvinnutryggingar gt. á því, að stefnanda brestir lagaheimild til að beina kröfum sínum að félaginu, sbr. 95. gr. laga nr. 20/1954. Stefnandi hefði átt að láta við það sitja að stefna félaginu til réttargæslu. Þá sé bent á þá villu í málalímbúnaði stefnanda að beina að Samvinnutryggingum gt. allri stefnufjárhæðinni, þar sem ljóst sé, að váttryggingarfjárhæð að baki bótaábyrgð meðstefnda nemi aðeins kr. 50.000.

Útgerðarfélag Akureyringa hf. reisir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi hafi fengið tjón sitt af völdum umrædds slyss fullbætt með bótauppgjörinu þann 17. mars 1980 og undanfarandi greiðslum úr lögboðinni slysatryggingu og samningsbundinni slysatryggingu.

Því sé haldið fram, að örorkumat Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis hafi verið rétt og eðlilegt miðað við meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, enda

megi segja, að tveir læknar standi að því mati, sbr. álitserð Jóns Guðgeirssonar læknis.

Því sé haldið fram, að lengra hafi verið gengið en efni stóðu til, þegar lagt var til grundvallar við bótauppgjörið, að varanleg örorka væri 20%. Hafa verði í huga, að örorka þessi hafi verið metin af tryggingayfirlækni sem mælikvarði á bótarétt stefnanda úr lögboðinni slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins, en gera verði ráð fyrir, að á vettvangi þeirrar stofnunar geti önnur sjónarmið haft verulegt vægi við örorkumat en þau, sem höfð séu að leiðarljósi við örorkumat utan stofnunarinnar og eingöngu sé ætlað að vera mælikvarði á örorkutjón í tengslum við skaðabótaskyldu að lögum. Ætla megi, að m.a. velferðarsjónarmið og félagsleg sjónarmið komi iðulega til álita og hafi áhrif til hagsbóta tjónþolum, þegar örorka er metin vegna lögboðinna slysatrygginga innan Tryggingastofnunar ríkisins. Slík viðhorf eigi engan rétt á sér við örorkumat utan stofnunarinnar.

Bent sé á, að það hafi verið lögmaður stefnanda, er hafi hlutast til um örorkumat Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis, og aðeins einn mánuður hafi liðið á milli þess og fyrra mats tryggingayfirlæknis. Forsendur hafi í engu breyst fyrir örorkumati á þeim tíma.

Mótmælt sé eindregið síðara örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis. Vakin sé í því sambandi athygli á því, sem Jón Guðgeirsson læknir segi á bls. 4 í álitserð sinni, þar sem hann víki að þessu örorkumati. Hann segi orðrétt: „Þannig hefur ekkert það skeð, sem ekki var gert ráð fyrir í nefndum örorkumötum (sic) í desember 1979 og janúar 1980.“ Jafnframt sé vakin athygli á því, er fram komi í næstneðstu mgr. í álitserð Jóns Guðgeirssonar: „Til samanburðar má geta þess, að skv. þeim töflum, sem yfirleitt er stuðst við í sambandi við slysaörorkumöt (sic) hér á landi, er örorkumat vegna stífs ökkaliðar 15%, og hafi viðkomandi misst fótinn um ökkaliðinn, er örorkumat 20%-30%.

Fráleitt sé að jafna afleiðingum af meiðslum stefnanda til þess, að hann hafi misst fótinn um ökkalið, svo sem Björn Önundarson virðist gera í örorkumati sínu. Slíkt sönnunargagn megi ekki nota sem einhlítt sönnunargagn gagnvart þeim, sem bótaábyrgð beri að lögum á slysi og afleiðingum þess.

Telja verði sýnt fram á, að engin haldbær rök hafi verið til þess að miða bótauppgjörið í mars 1980 við meiri varanlega örorku en 20% og sist hafi hallað á stefnanda í því efni.

Örorkuútreikningur, sem fyrir lá við bótauppgjörið, hafi verið fjórþættur með tilliti til vaxta. Miðað hafi verið við 5%, 7%, 9% og 13%. Í uppgjörinu hafi verið tekið mið af þeim þætti útreikningsins, sem byggður hafi verið á 13% ársvöxtum. Það hafi verið bæði rétt og eðlilegt á þeim tíma. Komi þar hvort tveggja til, að almennir innlánsvextir hafi verið um þær

mundir 35% og samkvæmt dómvenju hafi mat á örorkubótum verið miðað við 13% í örorkuútreikningi.

Bótauppgjör vegna slysa á fólki eigi sér langoftast stað utan vettvangs dómstóla. Það mótist eðlilega fastar uppgjörsvenjur, sem ráðist að öllu leyti af þeirri dómvenju, sem ríkjandi sé á hverjum tíma. Fjöldi dóma Hæstaréttar sé til marks um 13% ársvexti við útreikning og mat örorkubóta. Megi þar til nefna eftirtalda dóma: Hrd. 1979/978, Hrd. 1980/1775, Hrd. 1981/1203, Hrd. 1981/496, Hrd. 1982/711 og Hrd. 1983/1718.

Það hafi ávallt tíðkast við mat bóta vegna varanlegrar örorku, að niðurstöðutölur í örorkuútreikningi væru lækkaðar vegna skattfrelsis slíkra bóta lögum samkvæmt og vegna hagræðis af því að fá bætur greiddar í einu lagi. Það sé engin einhlít regla til um það, hversu mikill þessi frádráttur skuli vera. Það geti ráðist af ýmsu, og forsendur í málum geti verið næsta breytilegar með tilliti til þessa. Í bótauppgjöri því, sem hér sé til álita, hafi frádráttur verið 30%. Fullyrt sé, að það hafi verið mjög algengur frádráttur. Sú virðist og vera raunin í sumum framangreindra dóma, og í sumum þeirra hafi frádráttur verið meiri.

Í bótauppgjörinu við stefnanda hafi verið dregnar frá greiðslur úr lögboðinni slysatryggingu og samningsbundinni slysatryggingu svo og greidd laun eftir slysið. Ágreiningur sé ekki uppi um réttmæti þessa.

Ákvörðun miskabóta sé ávallt mikið matsatriði. Meðal annars með hliðsjón af áður tilvitnuðum dómum verði ekki séð, að hallað hafi verið á stefnanda varðandi miskabætur.

Einsætt sé samkvæmt framanskráðu, að bótauppgjörið, sem fram fór þann 17. mars 1980, hafi í alla staði verið rétt og eðlilegt miðað við þau gögn, er fyrir lágu, og raunar hagstæðara stefnanda en efni stóðu til með tilliti til þess, að tekið var mið af 20% varanlegri örorku, en ekki 15%, án þess að nokkur haldbær rök hafi legið til þess, að hærra örorkumatið ætti meiri rétt á sér en hitt.

Mál þetta sé sérstætt að því leyti til, að svo langur tími sé liðinn frá slysinu. Þess vegna njóti upplýsinga um tekjuöflun stefnanda um átta ára skeið eftir slysið. Skattframtöl yfir þetta tímabil liggi fyrir í málinu.

Í örorkuútreikningi þeim, sem nýjastur sé í málinu og stefnandi byggir á kröfugerð sína, sé áætlun um árlegar tekjur hans frá slysinu til frambúðar. Áætlun þessi sé byggð á launatekjum stefnanda þrjú næstu almanaksár fyrir slysið. Samanburður á áætluðum tekjum frá 1979 til og með 1986 og framtöldum tekjum á þessu tímabili leiði í ljós, að fyrstu tvö árin séu áætlaðar tekjur lítið eitt hærri en rauntekjur, en eftir það snúist þetta alveg við. Öll árin 1981 til og með 1986 hafi stefnandi haft meiri tekjur samanlagt í launum og lífeyrissjóðsgreiðslum en nemi áætluðum tekjum.

Þegar þetta sé virt, fari ekki á milli mála, að stefnandi hafi enn ekki

orðið fyrir neinu fjártjóni vegna varanlegrar örorku af völdum umrædds slyss. Þær greiðslur, sem stefnandi hafi fengið eftir slysið, hafi því að langmestu leyti komið honum til góða (sic) umfram það að vera bætur fyrir raunverulegt tjón. Og þótt miðað væri við 30% varanlega örorku, væri hið sama upp á teningnum. Sýni þetta best, hversu óraunhæf og fráleit kröfugerð stefnanda sé í þessu máli.

Jafnvel þótt stefnandi hefði ekki fengið tjón sitt af völdum slyssins fullbætt á sínum tíma, væri kröfugerð hans í málinu allt að einu að mestu leyti út í hött, þar sem við það sé látið sitja í örorkuútreikningi þeim, sem hann byggir á kröfugerð sína í málinu, að framreikna ímyndað örorkutjón frá slysinu til útreikningsdags, en verðgildi þeirra greiðslna, sem hann hafi fengið á sínum tíma og áttu að vera upp í örorkutjón, sé látið haldast óbreytt, þ.e. miðað við verðlag þess tíma, er greiðslurnar voru inntar af hendi. Svona útreikningur sé að sjálfsögðu ekki annað en einber firra.

Væri stefnandi vanhaldinn í bótum vegna tjóns af völdum slyssins, sem telja verði sýnt fram á, að sé ekki, ætti að sjálfsögðu aðeins að framreikna tjónið að því leyti, þ.e. óbættan hluta þess. Útkoman úr því dæmi gæti með engu móti orðið nema örlítið brot af fjárhæð þeirrar kröfu, sem í stefnu sé gerð til örorkubóta.

Sýknukrafa Útgerðarfélags Akureyringa hf. sé í öðru lagi reist á því, að þýðing þess fyrirvara, er lögmaður stefnanda gerði, er hann undirritaði kvittun við bótauppgjör 17. mars 1980, sé fyrir löngu að engu orðin vegna aðgerðaleysis. Slíkum fyrirvara verði að fylgja eftir með aðgerðum innan hæfilegs tíma. Sá tími megi ekki vera lengri en nauðsyn krefji.

Örorkumat það, er stefnandi byggir á kröfugerð sína í málinu, sé dags. 20. september 1982. Örorkuútreikningur á grundvelli þessa örorkumats hafi legið fyrir í janúar 1983. Alveg sé ljóst, að óþarft hafi verið að draga framkvæmd þessa örorkumats í hátt á annað ár, en þá hafi verið liðin hátt í fjögur ár frá slysinu. Frá því að þetta örorkumat lá fyrir, hafi síðan liðið fjögur og hálf ár, uns stefnandi hófst handa um að reka þess réttar, sem hann telji sig eiga, og frá bótauppgjörinu í mars 1980 hafi verið liðin meira en sjö ár við höfðun þessa máls.

Hið eina, sem hafi falist í umræddum fyrirvara, hafi verið áskilnaður um frekari bætur. Fyrirvarinn gefi ekkert til kynna, hvað hafi legið að baki þessum áskilnaði. Fyrirvarinn hafi því verið óskýr og ómarkviss og næsta haldlitill af þeirri ástæðu.

Þegar sé bent á, að bótauppgjórið, er fram fór á sínum tíma, hafi í alla staði verið eðlilegt og bæði í samræmi við dómvenju og uppgjörsvenjor utan réttar. Með dómi Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 hafi verið kveðið sérstaklega á um það, að í örorkuútreikningi skuli nota 6% ársvexti. Þessi

dómur geti ekki raskað bótauppgjöri, er fram hafi farið fyrir þann tíma og verið frábrugðið, að því er þetta atriði varðar.

Mótmælt sé fullyrðingum, sem m.a. komi fram í læknisgögnum í málinu, að stefnandi hafi hrapað í tekjum eftir slysið, vegna þess að hann hafi orðið að hverfa frá sjómennsku. Hið gagnstæða hafi komið í ljós, svo sem áður sé rakið. Stefnanda höfðu ekki nýst stýrimannsréttindi, þótt hann væri orðinn 29 ára gamall, er hann slasaðist, og sé ekki hægt að miða við, að breyting hefði orðið á í því efni. Það sé heldur engan veginn einhlítt, að störf við sjómennsku tryggi meiri tekjur en störf í landi.

Vaxtakröfu sé sérstaklega mótmælt, þ.e. vaxtafæti og kröfu til vaxta-vaxta.

Niðurstaða.

Í máli þessu er Samvinnutryggingum gt. og Útgerðarfélagi Akureyringa hf. stefnt in solidum til greiðslu skaðabóta. Er stefnandi varð fyrir slysi sínu þann 18. desember 1978, var Útgerðarfélag Akureyringa hf. með samningsbundna slysatryggingu og ábyrgðartryggingu hjá Samvinnutryggingum gt. Samkvæmt 95. gr. laga nr. 20/1954 öðlast sá, er tjón biður, rétt vátryggðs á hendur tryggingafélaginu, þegar staðreynt er, að vátryggður sé skaðabótaskyldur þeim, er tjónið beið, og upphæð bótanna ákveðin. Ekki verður á það fallist, að Samvinnutryggingar gt. hafi með því að greiða stefnanda bætur samkvæmt samkomulagi viðurkennt, að stefnandi geti beint frekari kröfum sínum beint til félagsins, án þess að ákvæðum 95. gr. laga nr. 20/1954 sé að öðru leyti fullnægt. Telja verður því, að stefnanda bresti lagaheimild til þess að beina kröfum sínum að félaginu, og ber að sýkna Samvinnutryggingar gt. af kröfum stefnanda í máli þessu.

Það sætir eigi ágreiningi, að stefndi Útgerðarfélag Akureyringa hf. ber skaðabótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi varð fyrir. Af hálfu útgerðarfélagsins er því hins vegar haldið fram, að stefnandi hafi fengið tjón sitt bætt að fullu með greiðslu þeirri, er hann fékk frá Samvinnutryggingum gt. þann 17. mars 1980, að fjárhæð gkr. 3.093.657.

Tveir lækna hafa metið tímabundna og varanlega örorku stefnanda, og í málinu hefur verið lagt fram þrenns konar örorkumat, sem er ekki samhljóða. Er greiðsla fór fram 17. mars 1980, lá fyrir örorkumat Björns Öndarsonar læknis, dags. 15. janúar 1980, þar sem tímabundin örorka stefnanda var metin 100% fyrsta 3½ mánuð frá slysdegi, en 50% í 3 mánuði eftir það. Varanleg örorka var metin 20%. Útreikningur Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 11. febrúar 1980, er varð grundvöllur greiðslunnar 17. mars 1980, er byggður á þessu mati. Kröfur sínar í málinu nú byggir stefnandi hins vegar á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 11. maí, 1987, þar sem byggt er á endur-

skoðuðu örorkumati Björns Önundarsonar, dags. 20. september 1982. Samkvæmt því mati er tímabundin örorka stefnanda fyrsta 3½ mánuðinn metin 100%, næstu 3 mánuði 65%, en varanleg örorka metin 30%.

Þegar litið er til þess, að fyrri örorkumat Björns Önundarsonar læknið er dags. 15. janúar 1980, rúmu ári eftir slys stefnanda, verður að telja, að allar forsendur hafi á þeim tíma átt að liggja fyrir, svo að unnt væri að meta tímabundna örorku stefnanda af nákvæmni. Þykja því engin skynsamleg rök mæla með því að miða tímabundna örorku stefnanda við örorkumatið frá 1982, enda er ekki að finna í síðara matinu neina skýringu á hækkun tímabundinnar örorku.

Það er álit dómsins, að ekki komi fram í örorkumati Björns Önundarsonar læknið frá árinu 1982, á hverju læknið byggir mat sitt á aukinni varanlegri örorku stefnanda. Þá verður ekki ráðið af læknisvottorðum þeim, er fyrir lágu við mat á örorku árið 1982, eða öðrum málsgögnum, hverjar þær breyttu forsendur eru, sem þessi hækkun er byggð á, þar sem við örorkumatið 1980 er tekið tillit til sömu læknisfræðilegu þátta, sem hækkuð varanleg örorka virðist byggjast á í örorkumatinu frá árinu 1982.

Ber því samkvæmt framansögðu að byggja á örorkumati Björns Önundarsonar, dags. 15. janúar 1980, og þar sem tjónsútreikningi samkvæmt því mati hefur ekki verið hnekkkt, þykir rétt að leggja hann til grundvallar við ákvörðun bóta til stefnanda.

Fram hefur komið, að þegar Samvinnutryggingar gt. greiddu stefnanda bætur þann 17. mars 1980, var tekið mið af framangreindum útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 11. febrúar 1980, þar sem í útreikningnum er byggt á 13% ársvöxtum við útreikning skaðabóta, en stefnandi heldur því fram, að sá vaxtafótur sé of hár og miða beri við lægri vaxtafót. Á þeim tíma, sem uppgjórið fór fram þann 17. mars 1980 samkvæmt örorkumati því, sem dómurinn telur, að stefnanda sé rétt að byggja bótakröfur sínar á, var það eðlilegt og í samræmi við ríkjandi dómvenju að miða bótagreiðslur við útreikning, sem byggðist á 13% ársvöxtum.

Telja verður því, að stefnandi hafi fengið örorkutjón sitt bætt að fullu með framangreindu uppgjóri, og fallast má á, að frádráttarliðir séu hæfilega metnir samkvæmt uppgjörinu. Er ekki á það fallist, að stefnandi geti nú komið með hækkaða kröfu á hendur stefnda vegna örorku, er hann fékk að fullu bætta árið 1980.

Í miskabætur fékk stefnandi greiddar gkr. 500.000. Sú fjárhæð hefur eigi verið reiknuð til raunvirðis í dag. Sé tillit tekið til meiðsla stefnanda og afleiðinga þeirra með ríkjandi dómvenju í huga á þessum tíma, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að miski hans hafi verið meiri í raun en bættur var með þessari fjárhæð.

Ber því að sýkna stefnda Útgerðarfélag Akureyringa af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000 til hvors aðila um sig, þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Hauki Þórðarsyni yfirlækni og Rögnvaldi Þorleifssyni lækni.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Útgerðarfélag Akureyringa hf. og Samvinnutryggingar gt., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Ásmundssonar.

Stefnandi, Kjartan Ásmundsson, greiði Samvinnutryggingum gt. kr. 60.000 í málskostnað og Útgerðarfélagi Akureyringa hf. kr. 60.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
